

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1224**2017/EES/74/07**

frá 6. júlí 2017

um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 31. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Efnið 2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón, sem hefur fengið heitið metýlísóþíasólínón í alþjóðlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara, CAS-númer 2682-20-4, er sem stendur leyft með færslu 57 í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 sem rotvarnarefni í snyrtivörur, sem á að skola burt eftir notkun, í styrk sem nemur allt að 0,01% massahlutfalli (100 milljónarhlutar).
- 2) Vísindanefndin um öryggi neytenda samþykkti álit 15. desember 2015 um öryggi metýlísóþíasólínóns ⁽²⁾. Vísindanefndin um öryggi neytenda komst að þeirri niðurstöðu, að því er varðar snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun, að metýlísóþíasólínón, í styrk sem nemur allt að 0,0015% (15 milljónarhlutar), teljist vera öruggt fyrir neytendur með tilliti til örvarnar snertiofnæmis.
- 3) Í ljósi þessa álits vísindanefndarinnar um öryggi neytenda er mikilvægt að fjalla um aukna tíðni ofnæmis, sem metýlísóþíasólínón kallar fram, og því ætti að takmarka þetta efni enn frekar í vörum sem á að skola burt eftir notkun.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1223/2009 til samræmis við það.
- 5) Gefa ætti iðnaðinum hæfilegan frest til að gera nauðsynlegar aðlaganir á efnasamsetningum með það í huga að setja þær á markað og til að taka vörur, sem uppfylla ekki kröfur, af markaði.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Frá 27. janúar 2018 skal einungis setja snyrtivörur, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, á markað í Sambandinu.

Frá 27. apríl 2018 skal einungis bjóða snyrtivörur, sem eru í samræmi við þessa reglugerð, fram á markaði í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 174, 7.7.2017, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2017 frá 27. október 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59.

⁽²⁾ SCCS/1557/15 (framlagning III)

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslu 57 í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 komi eftirfarandi:

Tilvísunar- númer	Auðkenning efna				Skilyrði			Orðalag notkunar- skilyrða og varnaðarorða
	Efnaheiti/INN	Heiti í skrá yfir almenn heiti innihaldsefna	CAS-númer	EB-númer	Vörutegund, líkamshlutar	Hámarksstyrkur í efnablöndu sem er tilbúin til notkunar	Annað	
a	b	c	d	e	f	g	h	i
„57	2-metýl-2H-ísópíasól-3-ón	Methylisothiazolinone (*)	2682-20-4	220-239-6	Vörur sem á að skola burt eftir notkun	0,0015%		

(*) Metýlísópíasólínón í blöndu með metýlklórísópíasólínóni er einnig reglufest í færslu 39 í V. viðauka. Færslurnar tvær útiloka hvor aðra: notkun á blöndu metýlklórísópíasólínóns (og) metýlísópíasólínóns er ósamrýmanleg við notkun á metýlísópíasólínóni einu og sér í sömu vöru.“